

Mál nr. 119/2013**M****og****Vátryggingafélag v/frjálsrar ábyrgðartryggingar vinnuveitanda
vegna slökkviliðs.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss 08.07. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 22.03. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 03.05. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var í slökkvistöð að Hrauni Reyðarfirði við æfingar á vegum slökkviliðsins. Var að gera upphífingar í þreksal. Mun hafa komið slinkur á hana er hún færði hendi til á slá með þeim afleiðingum að hún missti takið og féll illa niður. Lenti á æfningabekk fyrir neðan og skall með hægri hönd útrétta á gólfið og hlaut högg á hægri öxl. M telur að sláin hafi verið laus sbr. umfjöllun í málskotinu. M vísar til þess að umrædd slá hafi verið tekin niður eftir slysið og sé ekki í notkun.

Í tilkynningu um slysið til Vinnueftirlitsins, dags. 03.11. 2011, segir að M hafi verið við æfingar, þegar “hún ætlaði að hætta og fór niður slepti hún taki vinstri handar með þeim afleiðingum að slá skekkist og hún missti takið á hægri hendi og féll og lenti með mjaðmir á æfingarabekk og hægri hönd í gólf”.

Félagið telur að um óhappatívik eða aðgæsluleysi M hafi verið að ræða. Ekki saknæma háttsemi vinnuveitanda. M hafi þekkt vel til, æft sig við að nota slána í um eitt ár og komið sér upp verklagi við það. Félagið hafnar því að sláin hafi verið tekin niður vegna óhapps þessa. Breytingar hafi orðið á þrekprófum, upphífingar teknar út. M hafi verið vinnufær eftir slysið. Vinnueftirlitinu hafi því miður ekki verið tilkynnt um óhappið. Engu að síður sé sláin enn til og aðrir starfsmenn kannist ekki við óvenjumikinn lausleika á slánni á umræddum tíma eða að hún hafi ekki verið fest nægjanlega. Engin vitni voru að atvikinu.

Slysið var ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu fyrr en tæpum 4 mánuðum eftir óhappið.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. um að umrædd slá hafi hreyfst um miðju sína á lóðréttri festingu við bita “þ.e. gat hallast lítilsháttar í hvora átt”, hefur ekki verið sýnt fram á að rekja megí vinnuslys M til vanrækslu vátryggingartaka eða starfsmanna hans eða ófullnægjandi aðstæðna.

Breytir ekki framanrituðu þó að vinnuslysið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu fyrr en nokkrum mánuðum frá tjónsdegi. Enginn samstarfsmanna M staðfestir fullyrðingu hennar um að umrædd slá hafi verið laus í sér á þann veg sem M heldur fram.

Að teknu tilliti til fyrirliggjandi upplýsinga þykir ekki unnt að vinnuveitandi verði látinn bera halla af mögulegum skorti á upplýsingum sem ætla má að Vinnueftirlitið hefði getað aflað ef það hefði fengið fyrr tilkynningu um slysið. Telja verður að M hafi sönnunarbyrði um þá staðhæfingu sína að umrædd slá hafi verið laus á annan hátt er þekkt var. Sú sönnun hefur ekki tekist.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 21. maí 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.